Árið 1999

# FLUGTÖLUR

80 ÁRA **Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð** 80 ÁRA

## FLUGFLOTI




Loftförum í íslenska flugflotanum fjölgaði um sjö á árinu 1999 eða um 2%. Í lok ársins voru samtals 343 loftför skrásett hér á landi.

Á árinu fjölgaði þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) um eina, léttum flugvélum (undir 5.700 kg) fjölgaði um fimm og þá bættist ein svifflugа í flugflotann. Þyrlufjöldi var hinn sami og þrjú undanfarin ár.

Heildarfjöldi íslenskra loftfara hefur að meðaltali aukist um 1% á ári sl. áratug. Sl. fimm ár hefur loftförum fjölgað að meðaltali um 2% á ári.

## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA




Gildum flugskírteinum einstaklinga fjölgaði um 10% árið 1999. Í árslok voru þau til samans 2.771 talsins eða 243 fleiri en árið áður.

Fjölmennustu hópar með gild skírteini í árslok voru: 675 einkaflugmenn, 613 atvinnuflugmenn, 273 flugvéltæknar, 227 flugkennarar, 159 flugnemar, 89 flugumferðarstjórar, 47 svifflugmenn, 42 flugvélstjórar og 39 flugumsjónarmenn Þá voru 336 blindflugsskírteini í gildi í loks ársins.

Á árinu fjölgaði tiltölulega mest í eftirfarandi hópum: Flugkennarar 49%, atvinnuflugmenn 8%, einkaflugmenn 7%, flugumsjónarmenn 11%, svifflugmenn 7%, flugvéltæknar 5%, flugumferðarstjórar 1%. Fjöldi flugvélstjóra stóð í stað en hins vegar fækkaði flugnemum um 13%. Blindflugsskírteinum fjölgaði um 23%.

Einstaklingsskírteinum í gildi hefur að meðaltali fjölgað um 6% sl. áratug. Meðaltalsfjölgun undanfarin fimm ár er 8%.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Alls fóru rúmlega 1.700 fleiri flugvélar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið árið 1999 en árið 1998 og er það 2% fjölgun. Á árinu fóru alls 85.005 flugvélar um svæðið.

Umferðin á árinu skiptist þannig að 86% var atvinnuflug, herflug 7% og 6% taldist til almannaflugs.

Umferðaraukning um svæðið á ári sl. tíu ár nemur að meðaltali 3% en 5% á ári sl. fimm ár.

## FARÞEGAR INNANLANDS







Innanlandsfarþegum á íslenskum flugvöllum fjölgaði um 15.600 á árinu 1999 en þeir voru samtals tæplega 480.000 talsins. Aukning frá fyrra ári er 3%.

Farþegafjöldi jókst á sex af átta stærstu áætlunarflugvöllum landsins: 12% á Hornafirði, 9% á Egilsstöðum, 7% á Akureyri, 6% í Vestmannaeyjum og í Reykjavík og á Sauðárkróki um 3%. Á hinn bóginn drógust farþegaflutningar saman um 28% á Húsavík og um 4% á Ísafirði.

Síðastliðinn áratug hefur fjöldi innanlandsfarþega að meðaltali vaxið um 4% á ári. Farþegafjölgun hefur að jafnaði numið 6% á ári undanfarin fimm ár.

## FARÞEGAR MILLI LANDA







Millilandafarþegum á íslenskum flugvöllum fjölgaði um 7% á árinu 1999 en það svarar til 92.200 fleiri farþega. Samtals voru millilandafarþegar rúmlega 1.340.000 talsins.

Farþegum fjölgaði á öllum fjórum helstu flugvöllum er þjóna millilandaumferð. Hlutfallsleg mest aukning varð á Akureyri eða um 127%, þá 71% á Egilsstöðum, síðan 7% í Keflavík og loks í Reykjavík 1%.

Undanfarinn áratug hefur millilandafarþegum fjölgað um 6% á ári að meðaltali. Sl. fimm ár hefur meðaltalsaukning farþega verið 10% á ári.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Vöru- og póstflutningar í innanlandsflugi jukust um 20% árið 1999 og námu samanlagt um 1.800 tonnum. Það er tæplega 300 tonnum meira en árið áður.

Á árinu voru flutt 1.600 tonn af vörum sem er aukning um 265 tonn, eða um 20%. Vöxtur í póstflutningum var 17%, eða 30 tonn, en póstur var 200 tonn.

Á sex af átta stærstu áætlunarflugvöllum landsins varð aukning í flutningi á vörum og pósti: 32% í Reykjavík, 19% í Vestmannaeyjum, 18% á Egilsstöðum, 17% á Ísafirði, 13% á Akureyri og á Hornafirði um 9%. Á Húsavík varð 44% samdráttur og 8% á Sauðárkróki.

Heildarmagn af vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 8% á ári sl. áratug. Meðaltalssamdráttur sl. fimm ár er 6% á ári.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Alls voru flutt tæplega 33.000 tonn af vörum og pósti í millilandaflugi árið 1999. Það er 5.800 tonnum meira en árið 1998 sem er 21% aukning.

Á árinu voru flutt um 31.000 tonn af vörum og um 1.800 tonn af pósti. Vöruflutningar jukust um 23%, eða um tæplega 6.000 tonn, en í póstflutningum var 6% samdráttur eða 128 tonn.

Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi á árinu jukust um 22% á Keflavíkurflugvelli en drógust saman um 6% á Reykjavíkurflugvelli.

Heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflugi hefur aukist um 8% á ári sl. tíu ár og um 12% á ári, að meðaltali.

## FLUGHREYFINGAR INNANLANDS




Árið 1999 varð 16% samdráttur í flughreyfingum (flugtök og lendingar) á íslenskum flugvöllum. Það er minnkun um rúmlega 29.977 hreyfingar á milli ára. Heildarfjöldi flughreyfinga var tæplega 185.000, þar af tengdust 158.000 innanlandsflugi en 26.600 millilandaflugi.

Flughreyfingar í innanlandsflugi drógust saman á öllum sviðum miðað við árið áður. Þær voru 61.000 í áætlunar- og leiguflugi eða liðlega 4.400 færri (-7%), rúmlega 49.000 í svokölluðu öðru flugi sem er fækkun um rúmlega 7.000 (-13%) og til snertilendinga, eða æfingalendinga, töldust liðlega 48.000 flughreyfingar, rúmlega 18.000 færri (-27%) en árið áður.

Innanlandsflughreyfingum fjölgaði á þremur af níu helstu flugvöllum landsins, þ.e. um 8% á Hornafirði, 7% á Sauðárkróki og 5% á Ísafirði. Fækkun varð á sex flugvöllum: 30% í Vestmannaeyjum, 17% í Reykjavík, 16% á Egilsstöðum, 15% á Húsavík, 13% í Keflavík og 7% á Akureyri.

*1. tbl. 7. árgangur. Útgefið 20/10 2000.*

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

*Prentað á umhverfisvænan pappír.*

# FLUGTÖLUR

80 ÁRA **Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð** 80 ÁRA

## Íslensk loftför á skrá 1990 - 1999

| Ár | Þungar flugvélar | Léttar flugvélar | Svifflugur | Þyrlur | Samtals | Breyting frá f.ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1990 | 14 | 273 | 25 | 3 | 315 | -2,5% |
| 1991 | 18 | 273 | 24 | 5 | 320 | 1,6% |
| 1992 | 19 | 271 | 24 | 5 | 319 | -0,3% |
| 1993 | 24 | 264 | 26 | 5 | 319 | 0,0% |
| 1994 | 22 | 257 | 29 | 5 | 313 | -1,9% |
| 1995 | 30 | 259 | 29 | 6 | 324 | 3,5% |
| 1996 | 35 | 259 | 31 | 5 | 330 | 1,9% |
| 1997 | 41 | 255 | 31 | 5 | 332 | 0,6% |
| 1998 | 45 | 254 | 32 | 5 | 336 | 1,2% |
| 1999 | 46 | 259 | 33 | 5 | 343 | 2,1% |

## Skírteini einstaklinga 1990 - 1999

| Ár | Útgefin | Endurnýjuð | Fjöldi skírteina | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|
| 1990 | 267 | 337 | 1.659 | 0,6% |
| 1991 | 232 | 423 | 1.642 | -1,0% |
| 1992 | 230 | 532 | 1.753 | 6,8% |
| 1993 | 256 | 155 | 1.920 | 9,5% |
| 1994 | 260 | 148 | 1.865 | -2,9% |
| 1995 | 267 | 309 | 1.910 | 2,4% |
| 1996 | 391 | 448 | 2.031 | 6,3% |
| 1997 | 486 | 525 | 2.210 | 8,8% |
| 1998 | 758 | 230 | 2.528 | 14,4% |
| 1999 | 685 | 214 | 2.771 | 9,6% |

## Skírteini einstaklinga 31. 12. 1999

| Tegund skírteinis | Útgefin | Endurnýjuð | Í gildi | Breyting 99/98 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 55 | 22 | 341 | 15,6% | 11,7% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 0 | 1 | 12 | 9,1% | 0,4% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél | 26 | 34 | 255 | -0,8% | 10,1% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ þyrla | 0 | 0 | 5 | -16,7% | 0,2% |
| Blindflugsáritanir | 56 | 16 | 336 | 22,6% | 10,8% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 98 | 67 | 669 | 5,9% | 25,0% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 6 | 0 | 6 | 500,0% | 0,0% |
| Flugkennarar | 35 | 44 | 227 | 49,3% | 6,0% |
| Flugnemar | 116 | 0 | 159 | -13,1% | 7,2% |
| Flugumferðarstjórar | 1 | 5 | 89 | 1,1% | 3,5% |
| Flugumsjónarmenn | 4 | 0 | 39 | 11,4% | 1,4% |
| Flugvélstjórar | 1 | 1 | 42 | 0,0% | 1,7% |
| Flugvéltæknar | 15 | 23 | 273 | 5,4% | 10,2% |
| Fullgildingar* | 271 | 0 | 271 | 8,8% | 9,8% |
| Svifflugmenn | 1 | 1 | 47 | 6,8% | 1,7% |
| | **685** | **214** | **2.771** | **9,6%** | **100,0%** |

## Umferð um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1990 - 1999

| Ár | Til/frá Íslandi | Yfirflug | Fjöldi ferða | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1990 | - | - | 70.589 | 5,5% |
| 1991 | - | - | 64.660 | -8,4% |
| 1992 | - | - | 63.102 | -2,4% |
| 1993 | 18.142 | 46.813 | 64.955 | 2,9% |
| 1994 | 18.706 | 49.973 | 68.679 | 5,7% |
| 1995 | 20.940 | 45.352 | 66.292 | -3,5% |
| 1996 | 22.382 | 49.249 | 71.631 | 8,1% |
| 1997 | 23.162 | 50.193 | 73.355 | 2,4% |
| 1998 | 25.282 | 58.013 | 83.295 | 13,6% |
| 1999 | 26.028 | 58.977 | 85.005 | 2,1% |

## Skipting umferðar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1995 - 1999

| Ár | Atvinnuflug | Almannaflug | Herflug | Samtals | Hlutfall herflugs |
|---|---|---|---|---|---|
| 1995 | 54.338 | 5.130 | 6.824 | 66.292 | 10,3% |
| 1996 | 58.824 | 5.191 | 7.616 | 71.631 | 10,6% |
| 1997 | 61.343 | 5.671 | 6.341 | 73.355 | 8,6% |
| 1998 | 70.913 | 5.783 | 6.595 | 83.291 | 7,9% |
| 1999 | 73.475 | 5.282 | 6.248 | 85.005 | 7,4% |

## Innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1999 *)

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 99/98 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 452.917 | 2,8% | 47,3% |
| Akureyri | 194.404 | 7,3% | 20,3% |
| Vestm.eyjar | 89.013 | 6,4% | 9,3% |
| Egilsstaðir | 76.910 | 8,5% | 8,0% |
| Ísafjörður | 54.171 | -3,8% | 5,7% |
| Hornafjörður | 19.823 | 11,9% | 2,1% |
| Húsavík | 12.971 | -28,4% | 1,4% |
| Sauðárkrókur | 14.726 | 2,8% | 1,5% |
| Aðrir flugvellir | 43.028 | -2,2% | 4,5% |
| | **957.963** | **3,4%** | **100,0%** |

**) Hver farþegi er tvítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu, en 2.757 áningarfarþegar eru ekki taldir með*

## Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1999

| Flugvöllur | Brottfarar-/komufarþ. | Áningar-/skiptifarþ. | Samtals | Breyting 99/98 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 957.321 | 357.888 | 1.315.209 | 7,2% | 97,9% |
| Reykjavík | 22.297 | 0 | 22.297 | 0,6% | 1,7% |
| Akureyri | 5.042 | 0 | 5.042 | 126,9% | 0,4% |
| Egilsstaðir | 638 | 327 | 965 | 70,8% | 0,1% |
| | **985.298** | **358.215** | **1.343.513** | **7,4%** | **100,0%** |

## Vöru- og póstflutningar innanlands um íslenska áætlunarflugvelli 1999 **)

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 99/98 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1.590,5 | 177,5 | 1.768,0 | 31,7% | 49,5% |
| Akureyri | 598,4 | 59,3 | 657,6 | 12,6% | 18,4% |
| Egilsstaðir | 261,2 | 0,0 | 261,1 | 18,4% | 7,3% |
| Ísafjörður | 207,3 | 0,0 | 207,3 | 17,2% | 5,8% |
| Vestm.eyjar | 161,1 | 21,6 | 182,6 | 18,9% | 5,1% |
| Sauðárkrókur | 41,6 | 0,0 | 41,6 | -8,0% | 1,2% |
| Hornafjörður | 63,1 | 0,0 | 63,1 | 9,0% | 1,8% |
| Húsavík | 15,8 | 0,0 | 15,8 | -43,7% | 0,4% |
| Aðrir flugvellir | 238,1 | 138,6 | 376,7 | -0,5% | 10,5% |
| | **3.176,8** | **396,9** | **3.573,7** | **19,6%** | **100,0%** |

***) Vörur og póstur eru tvítalin, þ.e. bæði við brottför og komu.*

## Vöru- og póstflutningar milli landa um íslenska áætlunarflugvelli 1999

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 99/98 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 30.982,9 | 1.819,0 | 32.801,9 | 21,6% | 99,6% |
| Reykjavík | 112,1 | 10,2 | 122,3 | -6,5% | 0,4% |
| | **31.095,0** | **1.829,2** | **32.924,2** | **21,5%** | **100,0%** |

## Flughreyfingar innanlands á íslenskum áætlunarflugvöllum 1999

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Snertilendingar | Samtals | Breyting 99/98 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 21.292 | 34.939 | 19.015 | 75.246 | -17% | 47,6% |
| Akureyri | 9.546 | 2.858 | 1.424 | 13.828 | -6,9% | 8,7% |
| Vestm.eyjar | 8.831 | 1.949 | 123 | 10.903 | -29,4% | 6,9% |
| Egilsstaðir | 3.352 | 728 | 124 | 4.204 | -15,7% | 2,7% |
| Ísafjörður | 2.320 | 956 | 293 | 3.569 | 4,7% | 2,3% |
| Hornafjörður | 1.606 | 382 | 39 | 2.027 | 8,2% | 1,3% |
| Húsavík | 1.282 | 114 | 67 | 1.463 | -14,9% | 0,9% |
| Sauðárkrókur | 1.654 | 410 | 0 | 2.064 | 6,8% | 1,3% |
| Keflavík | 213 | 6.276 | 27.374 | 33.863 | -13,2% | 21,3% |
| Aðrir flugvellir | 10.440 | 636 | 71 | 11.147 | 10,3% | 7,0% |
| | **60.536** | **49.248** | **48.380** | **158.314** | **-15,9%** | **100,0%** |

## Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum 1999

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Samtals | Breyting 99/98 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 16.517 | 6.263 | 22.780 | 3,6% | 85,7% |
| Reykjavík | 1.158 | 2.356 | 3.514 | -4,8% | 13,2% |
| Akureyri | 164 | 64 | 228 | -16,5% | 0,9% |
| Egilsstaðir | 38 | 30 | 68 | 54,5% | 0,3% |
| | **17.877** | **8.713** | **26.590** | **2,3%** | **100,0%** |

*Umsjón: Gunnar Þorsteinsson • Tölfræði: Hjördís Ósk Óskarsdóttir • Ljósmynd: Björn Ólafsson © Ljósmyndasafn Reykjavíkur • Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.*